

## Verktakatrygging

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

**Efnisyfirlit**

---

1. gr.	Vátryggingarsviðið.....	3
2. gr.	Undanþegnar áhættur .....	3
3. gr.	Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni .....	4
4. gr.	Ábyrgðartími .....	4
5. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni.....	4
6. gr.	Tilkynning um tjón .....	4
7. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	4
8. gr.	Bætur .....	4
9. gr.	Áhættubreyting .....	5
10. gr.	Vátryggingarfjárhæðin .....	5
11. gr.	Vátrygging á mótum, verkfærum, vinnuskúrum og vinnupöllum.....	5
12. gr.	Gildistími - endurnýjun - réttur til uppsagnar.....	6
13. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu .....	7
14. gr.	Eigin áhætta .....	7
15. gr.	Tvítrygging .....	7
16. gr.	Undirtrygging.....	7
17. gr.	Varúðar- og öryggisreglur.....	7
18. gr.	Skoðun .....	7
19. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	7
20. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði .....	8
21. gr.	Brot á varúðarreglum.....	8
22. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun.....	8
23. gr.	Endurkröfuréttur .....	8
24. gr.	Ágreiningur .....	8
25. gr.	Varnarþing.....	8

## 1. gr. Vátryggingarsviðið

Vátryggingin bætir hvers konar tjón á mannvirki því sem unnið er við svo og á efni sem komið er í eða ætlað er til nota í það, sem verður vegna skyndilegs eða ófyrirsjáanlegs atviks, allt að vátryggingarfjárhæð þeirri sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu á meðan hið vátryggða er á starfssvæði verktakans, þó með þeim undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan og að frádreginni eigin áhættu vátryggðs sem tilgreind er í vátryggingarskírteininu.

## 2. gr. Undanþegnar áhættur

Vátryggingin bætir ekki:

- 2.1 Tjón á mótum, verkfærum, vinnuskúrum og vinnupöllum, nema það komi greinilega fram í vátryggingarskírteininu, að slíkir hlutir séu vátryggðir.
- 2.2 Tjón á peningum, peningaígildi, verðbréfum, frímerkjum eða öðrum verðmætum pappírurum.
- 2.3 Tjón á teikningum, sem nemur meira en því sem það kostar að útvega aðrar sams konar.
- 2.4 Tjón sem stafar af því, að rangt eða gallað efni er notað.

Undanþágur samkvæmt þessari grein taka aðeins til þess hluta mannvirkisins sem verður beint fyrir tjóni en ekki annarra hluta þess, sem verða fyrir tjóni sem er afleiðing af fyrsta tjóni.

- 2.5 Afleidd tjón af hvaða orsökum sem er þ.m.t. dagsektir vegna seinkunar verks eða þess að ekki hefur verið staðið við samningsbundnar skyldur.
- 2.6 Tjón sem stafar af algeri vinnustöðvun eða vinnustöðvun að hluta.
- 2.7 Tjón sem kemur fram sem fjárhagstap, þegar slíkt tjón kemur aðeins fram við reikningsuppgjör eða vörutalningu.
- 2.8 Tjón sem stafar af rangri og/eða ófullkominni hönnun og/eða útreikningum.
- 2.9 Tjón á þeim hlutum eða einingum mannvirkis sem afhentir hafa verið eða teknir í notkun.
- 2.10 Tjón sem unnið er af yfirlögðu ráði eða verður vegna grófrar vanrækslu vátryggðs eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum, sbr. nánar 20. gr. skilmála þessara.
- 2.11 Kostnaður vegna hreinsunaraðgerða eftir tjón bætist ekki, nema slíkt hafi verið vátryggt sérstaklega og sérstök vátryggingarfjárhæð tilgreind vegna þess í vátryggingarskírteininu.
- 2.12 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttókum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppboti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

1. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
3. hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórn mála eða

trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér, spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

### 3. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

Eignatjón sem váttryggt er gegn samkvæmt váttryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir.

Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.

Þar af leiðandi eru undanskilin í váttryggingu þessari:

1. Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökun eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.
2. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

### 4. gr. Ábyrgðartími

Váttryggingin gildir því aðeins á meðan ábyrgðartími váttryggðs á verkinu varir, að þess sé sérstaklega getið í váttryggingar-skírteininu.

Eftir afhendingu mannvirkis eða þegar það er tekið áður í notkun að öllu leyti eða að hluta, nær váttryggingin til þeirra tjóna sem verða kunna á því eða hlutum þess, sem váttryggðir eru samkvæmt váttryggingar-skírteininu, en þá aðeins að því marki sem greint er frá í váttryggingarskírteininu sjálfu.

### 5. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar tjón verður, er váttryggðum skylt að koma í veg fyrir eða takmarka tjónið eins og frekast má verða og á sama hátt er félaginu heimilt að gera slíkar ráðstafanir.

### 6. gr. Tilkynning um tjón

Váttryggðum ber tafarlaust að tilkynna félaginu um tjónið og síðan innan hálf mánaðar ef hægt er að láta félaginu í té gögn sem það kann að óska eftir varðandi tjónsmat.

Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða tjónið áður en viðgerð á sér stað.

Váttryggðum er skylt að tilkynna lögreglu um tjón af völdum þjófnaðar, innbrotis og skemmdarverka.

### 7. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur fynnist samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 8. gr. Bætur

- 8.1 Ábyrgð félagsins er í sérhverju tjónstilviki takmörkuð við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er tilgreind í váttryggingar-skírteininu, að frádreginni eigin áhættu váttryggðs.
- 8.2 Félagið greiðir allan venjulegan kostnað við að koma mannvirkinu í sama ástand og það var í rétt fyrir tjónið, svo framarlega sem kostnaður vegna þess fer ekki fram úr váttryggingarfjárhæðinni.

- 8.3 Óvenjuleg útgjöld t.d. vegna verkfalla, verkbanna, yfirvinnu eða vinnu á helgidögum eru aðeins bætt, ef sérstök ákvæði eru um það í váttryggingarskránni. Hið sama gildir um útgjöld vegna flugfraktar eða hraðsendinga.
- 8.4 Notkun annarrar tegundar byggingarefnis en hins upprunalega eða breytingar á hönnun mannvirkisins eftir tjón er á kostnað váttryggs.
- 8.5 Bráðabirgðaviðgerð er borin af félaginu ef það má telja eðlilegt að líta á hana sem hluta af endanlegri viðgerð, enda hafi verið ráðist í bráðabirgðaviðgerð með samþykki félagsins og ekki sé um að ræða aukningu á heildarviðgerðarkostnaði.
- 8.6 Eftir tjón er váttryggingarfjárhæðin óbreytt svo fremi sem váttryggingartaki greiði viðbótariðgjald, sem miðað er við bótafjárhæðina frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabilsins.

## 9. gr. Áhættubreyting

Ef á váttryggingartíma verður breyting á áhættu þeirri, sem tilgreind er í váttryggingarskránni eða vinnuaðferðum og/eða framgangi verksins, jafnvel þó aðeins sé um tímabundna breytingu að ræða, skal váttryggingartaki tilkynna það félaginu án tafar og mun það þá taka ákvörðun um, hvort váttryggingin verði áfram í gildi og þá með hvaða skilyrðum.

Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 10. gr. Váttryggingarfjárhæðin

Váttryggingarfjárhæðin í váttryggingarskránni skal vera jöfn endanlegu kostnaðarverði mannvirkisins.

Eftir að verkinu er lokið og endanlegt kostnaðarverð liggur fyrir, skal það tilkynnt félaginu svo fljótt sem því verður við komið.

Sé það verð hærra en váttryggingarfjárhæðin skal váttryggingartaki greiða félaginu viðbótariðgjald í hlutfalli við það.

## 11. gr. Váttrygging á mótum, verkfærum, vinnuskúrum og vinnupöllum

Neðangreind ákvæði eiga einvörðungu við um mót, verkfæri, vinnuskúra og vinnupalla, sem kunna að vera sérstaklega váttryggð.

- 11.1 Váttryggingarfjárhæðin skal nema endurkaupsverðmæti nýrra hluta sömu tegundar og afkastagetu án frádráttar vegna aldurs eða notkunar.
- 11.2 Komi í ljós, þegar tjón hefur orðið, að váttryggingarfjárhæðin er lægri en í lið 11.1. greiðir félagið bætur í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina eins og hún raun-verulega er og þess sem hún hefði átt að vera.
- 11.3 Ef fleiri en einn hlutur er váttryggður skal litið svo á, að hver einstakur sé sjálfstætt váttryggður.
- 11.4 Tjón sem stafar af sliti, hægri rýrnun, straum- eða rafmagnstruflunum, vélarbilun eða gangtruflunum í vél.
- 11.5 Tjón á vélum og tækjum váttryggs vegna hvers konar bilunar sem ekki verður vegna skyndilegs, utanaðkomandi og ófyrirsjáanlegs atviks.

Útreikningur bóta

- 11.6 Við tjón sem unnt er að gera við, greiðist eðlilegur kostnaður við lagfæringu hins skemmda þannig að það komist aftur í samt lag sem það var í rétt fyrir tjónið.
- 11.7 Sé um altjón að ræða nema bæturnar núvirði eins og það var rétt fyrir tjónið.
- 11.8 Með „núvirði“ er átt við kaupverð nýs hlutar skömmu fyrir tjónið, en sú fjárhæð er síðan lækkuð hæfilega vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra kringumstæðna.
- 11.9 Tjón telst altjón, ef kostnaður við viðgerð er meiri en tjónsfjárhæðin sem reiknuð var samkvæmt lið 11.7.

- 11.10 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða á kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.
- 11.11 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 12. gr. Gildistími - endurnýjun - réttur til uppsagnar

### 12.1 Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Sé tiltekið mannvirki váttryggt er um skammtímatryggingu að ræða og því ber félagið enga ábyrgð eftir lok þess váttryggingartímabils sem í váttryggingarskírteini er tilgreint, nema váttryggingartaki hafi óskað eftir framlengingu váttryggingarinnar.

### 12.2 Endurnýjun

Váttrygging sem skal gilda í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Uppsögn skal þó í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði áður en váttryggingartímabil er á enda, þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis.

Félaginu ber að tilkynna váttryggingartaka í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja váttrygginguna. Félagið getur gert breytingar á váttryggingaskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar.

### 12.3 Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
3. ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef

- a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
- b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
- c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

5. ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:

- a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
- b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.

- 12.4 Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2004.

### 13. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.

### 14. gr. Eigin áhætta

14.1 Við greiðslu tjóns skal fjárhæð sem nemur eigin áhættunni sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu, dregin frá bótafjárhæðinni.

14.2 Sé um að ræða fleiri en eitt tjón vegna óskyldra atvika gildir eigin áhættan fyrir sérhvert tjón, jafnvel þótt tjónin verði á sama tíma.

### 15. gr. Tvítrygging

Þegar hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

### 16. gr. Undirtrygging

Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins váttryggða.

### 17. gr. Varúðar- og öryggisreglur

Allar vélar og tæki sem eru háð opinberu eftirliti skulu ávallt fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til ástands þeirra.

### 18. gr. Skoðun

Félagið hefur heimild til að skoða starfssvæði verktakans hvenær sem er. Váttryggður skal að beiðni félagsins sjá því fyrir nauðsynlegum gögnum sem það kann að óska eftir varðandi mat á hinni váttryggðu áhættu.

### 19. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

19.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

#### 19.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara.

### 20. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

#### 20.1 Ásetningur

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

#### 20.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

### 21. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

### 22. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

### 23. gr. Endurkröfuréttur

Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

### 24. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

### 25. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006 og koma í stað þeirra sem giltu frá 1. janúar 2005**

[Efst á skjal](#)